

Ágætu nemendur og foreldrar,

Nú er komið að því að nemendur í 7.-9. bekk velji sér valgreinar fyrir næsta skólaár. Í viðhengi með þessum pósti er valbæklingur þar sem hægt er að finna lýsingar á því námsvali sem í boði er ásamt fyrirkomulagi námsvalsins í heild og hvetjum við fólk til að kynna sér inntak bæklingins mjög vel. Nemendur velja rafrænt eins og í fyrra. Mikilvægt er að fylla út námsval bæði fyrir haustönn og fyrir vorönn.

Haustönn: <https://forms.gle/sV6WfBzhkGyPnMYi9>

Vorönn: <https://forms.gle/rJ1xJte2WvjpwJeA>

Með þessum pósti látum við einnig fylgja eyðublað fyrir þá sem velja sér nám utan skóla og eru foreldrar nemenda, sem ætla að nýta sér nám utan skóla, beðnir um að fylla það út og senda nemendur með blaðið í skólann.

Öll gögn tengd námsvalinu verða einnig sett inn á heimasíðu skólans og hver árgangur fær kynningu á fyrirkomulagi námsvalsins.

Við biðjum þá sem hafa einhverjar spurningar varðandi útfyllingu námsvalsins um að hafa samband við okkur.

Síðasti skiladagur námsvals er mánudaginn 4. apríl.

Kveðja,

Skólastjórnendur